


Kristján Davíðsson



Kristján Davíðsson

Kristján Davíðsson

Verk frá 1987 til 1997

Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur

September – október 1997

Inngangur

Litaflæði náttúrunnar streymir óhindrað og frjálst um listaverk Kristjáns Davíðssonar, sem er sífellt að eflast sem einn þróttmesti og ástælasti listamaður þjóðarinnar. Með persónulegum stíl sínum hefur Kristján fyrir löngu skapað sér sess í íslenskri listasögu sem boðberi íslenskrar afstraklistar.

Kristján varð áttæður fyrr í sumar. Þrátt fyrir aldurinn er hann enn að eflast í sinni listsköpun. Í tilefni tímamótanna er athyglinni á þessari sýningu beint að úrvali af verkum hans frá síðasta áratug.

Það er okkur mikill heiður að fá nú tækifæri til að sýna verk Kristjáns Davíðssonar hér á Kjarvalsstöðum. Við vonum að ný verk frá hans hendi eigi eftir að gleðja augu landsmanna lengi enn.

Foreword

The flow of the colours of nature runs freely and unimpeded in the art of Kristján Davíðsson, who continues to gather momentum as one of the most forceful and best loved artists of the country. Through his personal expression Davíðsson has long ago marked his place in Icelandic art as one of the champions of Icelandic abstract art.

Davíðsson turned eighty this summer. In spite of that age he is still growing in his artistic creativity. To mark this occasion, the focus of this exhibition is on a selection of his works of the last decade.

It is our honour and privilege to get the opportunity to show the work of Kristján Davíðsson at Kjarvalsstaðir at this time. We hope that new art by him will continue to offer us all enjoyment for a long time to come.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur/
Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík:



„Glettinn heimsmaður“

Afstaða samfélagsins til einstaklinganna er kostulegt rannsóknarefni sem seint verður krufið til mergjar, hvorki í listum né vísindum. Þó eru flestir sammála um að rauði þráðurinn í þessum tengslum sé megn forsjárhyggja á öllum stigum; hún fylgir einstaklingnum frá vöggu til grafar, og er ætlað að gera alla sem til þess eru færir að gildum þegnum sem skila sínu, lifa sæmilega heilbrigðu lífi og haga sér skikkanlega á hverju æviskeiði um sig.

Þegar nálgast áttunda áratuginn í lífi þegnanna segir samfélagið að nú sé að verða nóg komið – fólk eigi að njóta árána sem eftir eru, það eigi að fara að hægja á sér, það sé búið að skila sínu, eigi að hætta að vinna og njóta elliáranna á virðulegan hátt – „setjast í helgan stein“.

Sem betur fer taka fæstir listamenn á umræddum aldri nokkurt mark á þessu bulli, og halda áfram að vinna að listinni af þeim fítons krafti sem upplag þeirra stendur til. Þessi sýning í austursal Kjarvalsstaða er órækur vitnisburður um að Kristján Davíðsson hefur að minnsta kosti ekki slegið slöku við í myndlistinni á áttunda áratug ævi sinnar.

Raunar má segja að hann hafi tvíeflst. Þrátt fyrir að hafa verið starfandi listamaður hér á landi frá því fyrir miðja öldina hafði Kristján lengst af ekki verið beðinn að taka að sér kennslu við neinn af listaskólum landsins. Þegar hann nálgadist sjötugt brá hins vegar svo við að loks var leitað til hans í þessu skyni, og síðasta áratuginn hafa því kennsla og listsköpun í fyrsta sinn farið saman í starfi listamannsins. Er ekki að efa að þessir þættir hafa notið góðs hvor af öðrum, eins og æskilegt er.

II

Í umræðu um list Kristjáns Davíðssonar og það sem öðru fremur hafi mótað hana hefur oft gleymst að í raun er Kristján að miklu leyti sjálfmenntaður listamaður. Hann hefur sótt sinn fjársjóð jafnt til nálægðar íslenskrar náttúru og menningar sem fjarlæggra stranda heimslistarinnar.

Kristján ólst upp vestur á Patreksfirði og þar komst hann fyrst í kynni við myndlist, meðal annars með því að fylgjast með Guðmundi Thorsteinssyni, Muggi, að verki. Áhuginn vaknaði snemma við að skoða allt það listræna myndefni sem rak á fjörur

hans, en sú tæknilega listmenntun sem hann byggði síðar á var fyrst og fremst nokkur undirstaða frá unglingsárunum, þegar hann var í Reykjavík og naut örlítillar kennslu í kvöldskólum þeirra Finns Jónssonar og Jóhanns Briems.

Að þessari mikilvægu leiðsögn frátalinni má segja að Kristján hafi einkum þróað sína list með því að finna sér leiðir til að vinna út frá þeim fræðilega grunni sem hann kynntist í listnámi sínu í Bandaríkjunum. Uppeldi Kristjáns og annarra verðandi listamanna við hina frægu Barnes-stofnun í borginni Merion í Pennsylvaníu-fylki var afar sérstakt, og byggðist að miklu leyti á fjölbreyttri og ríkulegri listaverkæign auðkýfingsins Alfreds C. Barnes. Af verkum í safni hans ber einkum að nefna evrópska list frá fyrri hluta 20. aldar, m.a. mikilvæg verk eftir Cézanne, Mattisse og Picasso, en ekki síður frumstæða list frá Afríkulöndum og frá Mið- og Suður-Ameríku.

Kennslan í stofnuninni var í raun langt frá því að vera í anda hefðbundinna listaskóla. Hún fór einkum fram í fyrirlestraformi þar sem nemendur komust í nánin kynni við listina, einna helst fræðilegan og heimspekilegan grunn hennar, og það var síðan þeirra sjálfra að vinna úr þeim áhrifum sem þeir höfðu orðið fyrir, án frekari afskipta kennara eða leiðbeinenda stofnunarinnar.

Víst er að við þessar aðstæður hefur Kristján notið þess að vera nokkru eldri og reynslumeiri en listnemar almennt – hann var nærri þrítugur þegar hann sneri heim á ný árið 1947. Hann hafði lesið mikið áður en hann fór utan, bæði heimspekirit og bækur um listir, og verið nærri menningarumræðunni í Unuhúsi í Reykjavík, þar sem hann bjó um tíma. Loks hafði hann sem ungur maður þurft að vinna fyrir sér með ýmsum hætti bæði til sjós og lands, allt frá því að faðir hans dó þegar hann var sautján ára gamall; slík lífsreynsla hlaut að verða hverjum og einum drjúgt veganesti á nýjum brautum.

Á ferð sinni til London og Parísar tveimur árum síðar komst Kristján í kynni við kvíkuna í evrópskri myndlist, sem hann hafði þó kynnst nokkuð á meðan hann dvaldi í Bandaríkjunum, einkum í tíðum kynnisferðum til New York-borgar. Þar hafði hann heillast af þeim hráa krafti sem var meðal annars að finna í verkum Jeans Dubuffets (andlitsmyndirnar sem Kristján sýndi á Septembersýningum voru mjög í þeim anda), en í þessari ferð kynntist hann einnig formleysismálverkinu eins og það kom fram hjá Pierre Soulages og fleirum, en við þau kynni naut Kristján ekki síst kunningskapar við listgagnrýnandann Michel Tapié í París.

III

Á þessum grunni má segja að listamaðurinn hafi byggt sína listsköpun alla tíð síðan. Hann hefur leitt dægurflugur myndlistarinnar hjá sér af stófskri ró og unnið með persónulegum hætti úr áhrifum þeirrar afstraktlistar sem hann hefur talið eiga erindi við sig. Þessi „villta“ myndgerð var í mikilli andstöðu við strangflatarmálverkið sem

var að taka öll völd meðal listmálara hér á landi upp úr 1950, enda gekk Kristján því aldrei á hönd. Þegar hann loks efndi til einkasýningar árið 1957, eftir nokkurt hlé, talaði hann í glettni og alvöru um verk sín sem klessuverk, og bauð þar með hverjum sem var að hneykslast að vild; slíkt snerti hann ekki hið minnsta.

Með þeirri sýningu gerðist Kristján „boðberi mikilla leysinga í íslensku afstraktmálverki“ eins og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur orðaði það í bók sinni um listamanninn, því ekki leið á löngu þar til geómetrían var á almennu undanhaldi meðal annarra listamanna hér á landi. Kristján vann einkum út frá „klessunum“ fram á miðjan sjöunda áratuginn, en þá tók að gæta kynna hans af bandarískum afstrakt-expressjónisma og þeim tifandi línudansi sem ríkir í verkum Willems De Koonings og Jacksons Pollocks til dæmis. Það myndmál hefur reynt listamanninum drjúgur hvati og er ljóst að hann hefur verið að vinna úr því æ síðan.

IV

Síðasta áratuginn má segja að listsköpun Kristjáns hafi öðru fremur einkennst af sterkum hughrifum frá náttúrunni í ríkulegri óhlutbundinni tjáningu. Í málverkum hans og teikningum er fjörleg pensilskriftin og frjálst línuspilið stöðugt að leiða áhorfandann um flötinn, þar sem nýir þættir taka við og halda áfram að vefa þá heild sem hvert verk verður á endanum.

Tilvísun listamannsins í náttúruna er hins vegar aldrei bein eða staðbundin, heldur má í senn finna henni stað í hinu smágerða og hinu stórbrotna í landinu. Kristján hefur í viðtölum bent á að hann efast um að þessi upplifun af náttúrunni sé fyllilega meðvitund hjá sér eða öðrum listamönnum; með hvaða hætti hún þróist síðan yfir í að verða sjálfstætt myndverk sé í raun óskiljanlegt! – Þannig hefur undrun og forvitni um samspil listar og náttúru alltaf verið virkt afl í listsköpun Kristjáns, og skilað sér með markvissum hætti í hverju málverkinu á fætur öðru.

Oftar en ekki fær áhorfandinn þó á tilfinninguna að skýr mörk þessara hughrifa liggja rétt utan þess ramma sem listamaðurinn afmarkar með verk sín; þar sé lágt fjöruborðið þar sem land mætir hafi jafnnærtækt og hæstu tindar þar sem jöklar og ský himinsins renna saman í eina órofa heild. Verk Kristjáns eru afar opin fyrir slíkum möguleikum, sem í hugum margra hefur verið eitt helsta aðdráttarafl þeirra; áhorfandinn skynjar þessa hrynjandi og sækist eftir að vera gerður ábyrgur fyrir að ljúka listaverkinu í eigin hugskoti eftir að hafa tekið þátt í leik listamannsins í óræðum fletinum.

Í þeirri heildarsýn sem verk Kristjáns síðasta áratug mynda má jafnframt greina að áhugi hans hefur verið að beinast í auknum mæli að finni tónum náttúrunnar – litbrigðum hausts og vetrar, jafnvel snjóa og kulda, fremur en litríki og hita sumarsins. Dökkar línur sem leika um hvíta fleti minna á stundum á veikluleg strá, sem eitt

sinn voru reisuleg í blóma sumarsins og blakta nú sölnuð upp úr snjósköflum vetrarins en vísa um leið til þess lífs sem mun kvikna á ný með endurnýjaðri hringrás lífsins að vori. Þannig verða einfaldir draettir listamannsins að táknum fyrir þá órofa heild náttúrunnar sem umlykur okkur öll og er uppspretta allra þeirra verka sem Kristján er að takast á við af fullum krafti enn í dag.

V

Þrátt fyrir að hann hafi lengstum farið eigin leiðir í list sinni fer því fjarri að Kristján Davíðsson hafi verið einfari í listheiminum. Fremur má segja að hann hafi lifað eftir forskrift að menningin felst í mannlegum samskiptum að maður sé manns gaman. Kristján hefur tekið virkan þátt í samsýningum listmálara allt frá því hann átti verk á fyrstu Septembersýningunni árið 1947, og hefur auk þess verið valinn fulltrúi íslenskrar myndlistar á stórum alþjóðlegum sýningum eins og tvíæringunum í Feneyjum (1984) og Sao Paulo í Brasilíu (1985). Tónlistin hefur einnig verið ríkur þáttur í lífi Kristjáns allt frá því að hann kenndi sjálfum sér á fiðlu í héraðsskólanum á Núpi á fjórða áratugnum, og víst er að tónlistin hljómar enn af góðum styrk í Barðavoginum þegar þannig stendur á. Og áhuginn á bókmenntaumræðunni hefur ekki síður verið honum mikilvægur allt frá þeim tíma þegar hann bjó í Unuhúsi á stríðsárunum; vinfengi hans við fjölda skálda og rithöfunda er órækur vitnisburður þess að sá áhugi hefur verið ríkulega endurgoldinn.

Í gegnum aldirnar hafa ýmsir nafntogaðir aðilar leitast við að finna hina fullkomnu skilgreiningu á fyrirbærinu „listamaður“ og hvað það er sem einkennir slíka persónu öðru fremur. Fæstir hafa haft erindi sem erfiði - það vantar oftast en ekki eitthvað upp á til að ímyndin komist nægilega vel til skila. John Ruskin, einn frægasti listgagnrýnandi síðustu aldar, komst þó að vitund þess sem hér skrifar nokkuð nærri einni slíkri þegar hann sagði í bréfi til vinar síns árið 1858:

„Til að verða fyrsta flokks listmálari þýðir ekkert að rækta með sér guðsótta og góða síði, heldur gildir að vera glettinn heimsmaður í orðsins fyllstu merkingu.“


Eins og þeir sem best þekkja manninn geta borið vitni um eru frekari orð óþörf hér um listmálarann Kristján Davíðsson.

























MYNDIR:

Blaðsíða:

9	Án titils, 1987	100 x 80 sm
11	Án titils, 1990	100 x 110 sm
13	Án titils, 1992	180 x 200 sm
15	Án titils, 1995	180 x 200 sm
17	Án titils, 1996	180 x 200 sm
19	Án titils, 1995	180 x 200 sm
21	Án titils, 1997	180 x 200 sm
23	Án titils, 1997	180 x 200 sm

Eigandi:

Listamaðurinn
Emil Breki Hreggviðsson
Jóhann Óli Guðmundsson
Listamaðurinn
Listamaðurinn
Listamaðurinn
Listamaðurinn
Listamaðurinn

„ ... A little Wicked and Entirely a Man of the World“

The attitude our society shows to its citizens is a peculiar subject of study, that will never be researched thoroughly enough, neither by art nor science. Still most people agree that the common thread in this relationship is an almost pugnacious obsession with an all-embracing providence, intervening in the individual's life at every step from the cradle to the grave, trying to make everybody who has the potential into a solid citizen who has a role to play, lives a healthy life and behaves properly at all ages.

When the seventies close upon us society proclaims that now enough is enough - we should enjoy the years we have left, slow down, we have already done our bit, should stop working and enjoy our old age in a dignified way - we should „retire“.

Fortunately very few artists that reach this age seem to take any notice of this balderdash, and keep working on their art with the same energy and purpose as ever, whatever the age. This exhibition in the eastern wing of Kjarvalsstaðir is incontrovertible evidence to the fact that Kristján Davíðsson has at least not slowed down in his art in the last decade.

In fact one can say that the opposite is true: In spite of having been a working artist in Iceland from the late forties, Davíðsson had never been asked to teach at any of the art schools in the country. When he was almost seventy, however, he was finally sought out for this purpose, and for the last decade art instruction and art creation have gone together in his work. There is little doubt that both parts have gained from the other, which is of course as it should be.

II

When discussing the art of Kristján Davíðsson and what have been its foremost influences it is often forgotten that in fact that Davíðsson is to a large extent a self-educated artist. He has sought his treasure equally in the proximity of Icelandic nature and culture as well as at the distant shores of international art.

Davíðsson was raised in the village of Patreksfjörður in the western part of Iceland and got his first glimpse of art there, among other things by watching the artist

Guðmundur Thorsteinsson, Muggur, at work. His interest grew early on in examining all the visual materials that he came across. The technical foundation in art that he later built on was first and foremost some basic training he got as a teenager when he got some instruction in evening classes run by the artists Finnur Jónsson and Jóhann Briem, which Davíðsson attended while in Reykjavík.

In addition to this training one could say that Davíðsson mostly developed his art on his own through finding ways to assimilate the theoretical discussions he was introduced to during his studies in the United States. The art education that Davíðsson and other aspiring artist received in the famous Barnes Foundation in Merion, Pennsylvania, was very special, and was largely founded on the richness and the variety of the art that the millionaire Alfred C. Barnes had collected. Of special note is the collection of 20th century art, including important works by Cézanne, Matisse and Picasso, as well as primitive African and Pre-Columbian art.

The method of instruction at the Foundation was far from what was practiced in traditional art academies. It was mostly in the form of lectures where the students were introduced to the art around them, and especially to the theoretical and philosophical values involved. It was then up to the students themselves to put the influence they felt to proper use in their own art, without further interference from the lecturers or staff of the Foundation.

Under these circumstances it is certain that Davíðsson benefited from being a few years older and more experienced than the average art student - he was almost thirty years old when he returned to Iceland in 1947. He was well read before he went abroad, both in philosophy and art, and had also been close to the cultural discourse that took place in Unuhús in Reykjavík, where he lived for a few years. As a young man he had also had to work at different jobs both at sea and on land from the time his father died when he was seventeen; such experience had to be a valuable resource for anyone seeking new directions.

During his trip to London and Paris two years later Davíðsson got in touch with the swell of European contemporary art, which he had discovered to a certain degree while he studied in the United States, especially on frequent trips to New York City. There he had for example seen and been overwhelmed by the brute force found in the work of Jean Dubuffet (portraits that Davíðsson showed in the „September“ exhibitions in Iceland were very much made in the spirit of this raw art). On this trip he was also introduced to „art informel“ as it was seen in the works of Pierre Soulages and others, but Davíðsson got this introduction first and foremost through his contact with the gallerist and art critic Michel Tapié in Paris.

III

It can be maintained that the artist has built his artistic endeavours upon this foundation ever since. He has ignored trendy fashions in the arts with perfect ease and instead continued to put to his personal use the effects of the abstract art that has struck a cord in his own soul. This „wild“ art was the complete antithesis of the concrete, geometric abstraction that was taking hold among Icelandic painters after 1950, and which Davíðsson never favoured. When he finally had a private exhibition in 1957 after an intermission of seven years, he spoke of his works as blotches, joking and being serious at the same time, thus inviting one and all to be as outraged as they pleased; a scandal did not touch him in the least.

With that exhibition Kristján Davíðsson was „the harbinger of great changes in Icelandic abstract art“ as Art Historian Aðalsteinn Ingólfsson put it in his book about the artist, as it was not long until geometric abstraction began to lose its hold among other artists in the country. Davíðsson continued to work from his „blotches“ well into the sixties, when one began to see the influences of his exposure to American Abstract-Expressionism and the spasmodic lines of e.g. Willem De Kooning and Jackson Pollock. This has been a fruitful source of inspiration for the artist that he has been developing further ever since.

IV

During the last decade one can say that Davíðsson's artistic creativity has to a large extent been influenced by nature in the richness of abstract expression. In his paintings and drawings the vibrant brushstrokes and free linear play continuously lead the viewer around the surface of the work, where new threads appear and continue weaving to create the whole of the web, that each work becomes in the end.

The artist's reference to nature is never direct or bound by a place, however, but rather to be found both simultaneously in the insignificant and the magnificent in the land. In interviews Davíðsson has pointed out that he doubted that this experience of nature was fully conscious in his case or for any other artist; how it was then transformed into an independent work of art was really incomprehensible! — In this way wonder and curiosity about how art and nature interact have been a powerful force in Davíðsson's art at all times, which he has been able to express in a poignant way in one painting after another.

The viewer often gets the impression that clear boundaries for these influences lie just outside the frames that mark the artist's work; there a lowly beach, where land and sea meet, is as close at hand as the highest peaks, where glaciers and the clouds of the sky become one continuum. Davíðsson's works are very open to such possibilities, which for many has been one of their strongest attractions; the viewer senses

this rhythm and is eager to be made responsible for concluding the work in his own mind, after having taken part in the artist's play on the open surface.

In the whole that Davíðsson's works of the last decade form one can also discern that his interests have increasingly focused on the finer tonality of nature - the colours of autumn and winter, even snows and the cold rather than the richness and warmth of summer. Dark lines that play about white planes may be reminders of delicate straws, that once were impressive in the bloom of summer, but now flutter weakly, faded in the snowdrifts of winter - but at the same time point to the life that will rise again with the renewed cycle of life in spring. Thus simple lines from the artist's hands become symbols for the continuous wholeness of nature, which embraces us all and is the fountain of all the art, that Davíðsson is energetically still taking on.

V

In spite of having gone his own way in his art, Kristján Davíðsson has by no means been a loner in the art world. Instead he has lived according to the philosophy that culture is based on social contact - that human fellowship is the essence of being. Davíðsson has taken active part in joint exhibitions with other artists from the time he was first represented in the „September“ exhibition in 1947, and has also been chosen to represent Icelandic artists in famous international exhibitions like the Venice Biennial in Italy (1984) and the Sao Paulo Biennial in Brazil (1985). Music has also been an important part of Davíðsson's life since he taught himself to play the violin in secondary school in the thirties, and it is certain that music still reverberates through his house in Barðavogur when the mood calls for it. His interest in literature has been equally valuable to him, going back to the time he lived in Unuhús in the early forties; his life-long friendship with a great number of poets and writers is solid confirmation that the interest has been reciprocated.

Through the centuries many renowned people have tried to find the perfect definition of the phenomenon „an artist“, and what it is that separates more than anything such a person from the common man. Very few have been successful - there is usually something lacking to convey the image properly. In the opinion of this writer, John Ruskin, the famous 19th century art critic, came closer than most to such a definition when he wrote to a friend in 1858:

„To be a first-rate painter you mustn't be pious, but rather a little wicked and entire a man of the world.“

As those that know the man best can attest to, no further words are needed here to describe the painter Kristján Davíðsson.

Kristján Davíðsson

f. 28. júlí 1917 í Reykjavík / b. July 28, 1917 in Reykjavík

Nám / Education:

- 1932–1933 Einkaskóli Finns Jónssonar
Private school of Finnur Jónsson
- 1935–1936 Einkaskóli Finns Jónssonar og Jóhanns Briem
Private school of Finnur Jónsson and Jóhann Briem
- 1945–1947 Barnes Foundation í Merion, Pennsylvaníu
- 1946–1947 Pennsylvaníuháskóli / *University of Pennsylvania*
- 1949 Námsferð til Parísar og London / *Study trip to Paris and London*

Helstu einkasýningar / Selected solo exhibitions:

- 1995 Ásmundarsalur, Reykjavík
- 1992 Listhúsið Nýhöfn, sýning á Listahátíð í Reykjavík
- 1989 Listhúsið Nýhöfn, Reykjavík
- 1988 Gallerí Borg, Reykjavík
- 1987 FÍM-salurinn, Reykjavík
- 1984 Fulltrúi Íslands á Feneyja-tvíæringnum, Ítalíu /
The Icelandic representative in the Biennale di Venezia, Italy
- 1981 Listasafn Íslands, Reykjavík, yfirlitssýning /
National Gallery of Iceland, retrospective
- 1978 FÍM-salur, sýning á Listahátíð í Reykjavík
- 1971 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1970 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1968 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1966 Richard Demarco Gallery, Edinborg
Unuhús, Reykjavík
Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1965 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1964 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1963 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1962 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1961 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1960 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1958 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1957 Bogasalur Þjóðminjasafns, Reykjavík
- 1957 Sýningarsalurinn, Hverfisgötu, Reykjavík
- 1950 Listamannaskálinn, Reykjavík
- 1946 International Student House, Philadelphíu

Helstu samsýningar / Selected group exhibitions:

- 1991 *Íslensk Kunst*, Galleri Asbæk, Kaupmannahöfn,
Danmörku
- 1989 Hvunndagar 89, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík
- 1986 *Ett annat landskap*, Nordiskt Konstcentrum, Sveaborg,
Finnlandi
- 1985 *Bienal Internacional de São Paulo*, São Paulo, Brasilíu
(ásamt Gunnari Erni og Magnúsi Kjartanssyni)

- 1981 *Det stærke lys, nyere islandsk kunst, Møstings Hus, Frederiksberg, Danmörku*
- 1979 *8. Biennale der Ostseeländer, Rostock, A.-Þýskalandi*
- 1970-71
4 nálevende generasjoner, Fra islandsk billedkunst, Farandsýning í Noregi og Svíþjóð
- 1962 *Islandsk kunst - gammel og ny, Louisiana, Humlebæk, Danmörku*
- 1947, 1948, 1951, 1952
Septembersýningar, Listamannaskálanum, Reykjavík

Opinberar skreytingar / Public commissions:

- 1981 *Veggmynd fyrir skólann að Stóru-Tjörnum, Suður-Þingeyjarsýslu / Mural for the school at Stóru-Tjarnir*
- 1980 *Veggmynd fyrir Kröfluvirkjun / Mural for Krafla Power Plant, Northern Iceland*
- 1973 *Veggmálverk fyrir Lagadeild Háskóla Íslands, Lögbergi / Mural in Lögberg, University of Iceland School*
- 1997 *Veggmálverk fyrir Pharmaco, Garðabæ / Mural for Pharmaco Inc.*

Verk í eigu safna / Works in public collections:

- Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland*
- Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum*
- Listasafn Háskóla Íslands / University of Iceland Art Collection*
- Listasafn Kópavogs / The Kópavogur Art Museum*
- Listasafn ASÍ / The Federation of Labour Art Collection*
- Opinber söfn í Stokkhólmi og Philadelphíu / Public collections in Stockholm, Sweden and Philadelphia, U.S.A.*

Verk Kristjáns er einnig að finna í einkasöfnum víða um heim / Davíðsson's works are also found in private collections all over the world.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur / *The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður / *chair*

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tryggvi Baldvinsson

Finna Birna Steinsson

Forstöðumaður Kjarvalsstaða / *Director of Kjarvalsstaðir — The Reykjavík Municipal Art Museum:*

Eiríkur Þorláksson

Ljósmyndun / *Photography:*

Pétur Sörensson

Þýðing / *Translation:*

Eiríkur Þorláksson

Yfirllestur handrita / *Proofreading and editing:*

Mörður Árnason

Hönnun sýningarskrár / *Catalogue design:*

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár / *Catalogue production:*

Ólöf Sigurðardóttir

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla / *Colour separation and montage:*

Grafík hf.

Prentun og bókband / *Printing and bookbinding:*

Grafík hf.

© Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur

ISBN 9979-874-83-X

